



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

4. júlí 2008

Mál nr. E-6780/2007:

Stefnandi: Margrét Ingibjörg Marelsdóttir
(*Ragnar Aðalsteinsson hrl.*)

Stefndi: Gildi -lífeyrissjóður
✓ (*Gestur Jónsson hrl.*)

Dómari: Jón Finnbjörnsson héraðsdómari
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari
Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júlí 2008 í máli nr. E-6780/2007:

Margrét Ingibjörg Marelsdóttir

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Gildi -lífeyrissjóði

(Gestur Jónsson hrl.)

Mál þetta höfðaði Margrét Ingibjörg Marelsdóttir, kt. 250147-2959, Hólmgarði 10, Reykjavík, með stefnu birtri 15. október 2007 á hendur Gildi lífeyrissjóði, kt. 561195-2779, Sætúni 1, Reykjavík. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 23. maí sl., en endurupptekið og dómtekið á ný 30. júní sl.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að við útreikning stefnda á örorkulífeyrisgreiðslum til stefnanda skuli ekki tekið tillit til lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Stefnandi er sjóðfélagi í hinum stefnda lífeyrissjóði. Henni er greiddur örorkulífeyrir. Hún var fyrst sjóðfélagi í Lífeyrissjóði ASB. Eftir nokkrar sameiningar lífeyrissjóða var lífeyrissjóðurinn Gildi stofnaður og er stefnandi félagi í honum.

Stefnandi fór að vinna fyrir launum á árinu 1962. Hún var á vinnumarkaði þar til hún gekkst undir brjós-klosaðgerð á Landspítalanum í nóvember 1981. Sú aðgerð tókst illa og var önnur framkvæmd á árinu 1982. Ekki er ástæða til að rekja sorglega sjúkrasögu stefnanda, en örorka hennar var metin 75% á árinu 1982 og hefur henni verið greiddur örorkulífeyrir síðan. Stefnandi var metin til örorku og hóf töku lífeyris er í gildi var Reglugerð fyrir Lífeyrissjóð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvinnafélagsins Framsóknar er tekið hafði gildi 1. janúar 1981.

Samkvæmt 11.-14. gr., sbr. og 2. gr. reglugerðarinnar skyldi sjóðurinn tryggja sjóðfélögum ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Í 12. gr. er fjallað um örorkulífeyri. Þar segir: ... *Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf, það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærrí en sem nemur þeim tekjumíssi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.*

Þrátt fyrir þetta ákvæði var örorkulífeyrir stefnanda frá lífeyrissjóði hennar ekki lækkaður vegna greiðslna er hún fékk frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt lögum um almannatryggingar. Stefnandi hefur ekki haft launatekjur frá því að örorka hennar var metin.

Á árinu 2005 var Lífeyrissjóðurinn Gildi, stefndi í máli þessu, stofnaður. Voru þá sameinaðir Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna. Voru sjóðnum settar samþykktir og hljóðaði grein 12.3 svo:

Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið... Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar samkvæmt launaframtali, sé þess óskað...

Á ársfundi stefnda 26. apríl 2006 var að tillögu stjórnar gerð breyting á samþykktunum. Breytingin fólst í því að bætt var í grein 12.3 þessu ákvæði:

Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar.

Þessum texta er bætt við ákvæðið framan við orðin *Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur...*

Með bréfi dagsettu 30. maí 2006 leitaði stefndi eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins á breytingunum. Í bréfinu er vísað til bréfs Vigfúsar Ásgeirssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins, þar sem segir m.a. að breytingarnar beinist að orðalagi, stjórn og rekstri sjóðsins og hafi óveruleg eða engin áhrif á réttindi sjóðfélaga.

Vigfús Ásgeirsson gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa talið að framangreind breyting á samþykktum hefði lítil áhrif á réttindi sjóðfélaga. Breytingin hafi verið gerð til að skýra betur ákvæði um tekjumissi. Hann kveðst hafa komist að því að í framkvæmdinni hafi ekki verið litið til greiðslna frá Tryggingastofnun til frádráttar örorkulífeyri, ef viðkomandi hafði engar aðrar tekjur. Hins vegar hafi þessar greiðslur frá Tryggingastofnun verið dregnar frá þegar viðkomandi hafði aðrar tekjur að auki. Þessi framkvæmd hafi verið hjá Gildi og forverum Gildis, en ekki hjá öllum lífeyrissjóðum.

Ráðuneytið leitaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins. Í umsögn þess, sem dagsett er 5. júlí 2006, segir um þá breytingu sem hér er um deilt að hún sé nánari útlitun á viðmiðum við mat á því hvort tekjuskurðing hafi orðið. Í lok umsagnarinnar segir að eftirlitið hafi yfirfarið breytingarnar og geri ekki athugasemdir við efni þeirra.

Tveimur dögum síðar, 7. júlí 2006, tilkynnti fjármálaráðuneytið að breytingarnar hefðu verið staðfestar.

Hinn 28. júlí 2006 ritaði Greiðslustofa lífeyrissjóða stefnanda bréf um skerðingu örorkulífeyris hennar. Þar er tekið fram að við útreikning tekjumissis skuli taka tillit til atvinnutekna lífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta. Vegna þess að heildartekjur stefnanda á árinu 2005 voru hærri en umreiknaðar heildartekjur fyrir orkutap skyldi lífeyrir stefnanda skertur verulega frá 1. nóvember 2006.

Er stefnanda barst bréf þetta leitaði hún til Öryrkjabandalagsins. Spunnust af því nokkur bréfaskipti bandalagsins við stefnda og fjármálaráðuneytið. Er ekki tilefni til að rekja þau bréfaskipti hér.

Loks kvartaði Öryrkjabandalagið til Umboðsmanns Alþingis. Gerði bandalagið einkum athugasemdir við hæfi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og starfsmanna þess og vanrækslu á eftirlitsskyldu samkvæmt 28. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Umboðsmaður hefur ekki lokið umfjöllun sinni.

Í stefnu er fullyrt að þrettán aðrir lífeyrissjóðir hafi breytt samþykktum sínum á sama veg og stefndi á árinu 2006. Einn þeirra sé Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. Formaður stjórnar þess sjóðs er Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Við endurupptöku málsins 30. júní sl. voru lögð fram gögn um breytingar er gerðar voru hjá Söfnunarsjóðnum. Þær voru efnislega keimlíkar þeim breytingum á samþykktum stefnda sem hér er um deilt. Þannig var bætt við 11. gr. samþykktanna, í gr. 11.2, m.a. orðunum *Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og frá öðrum lífeyrissjóðum...*

Breytingarnar voru samþykktar í stjórn Söfnunarsjóðsins 21. nóvember 2005 og staðfestar af fjármálaráðuneytinu 3. mars 2006. Staðfestingin var rituð á bréfsefni ráðuneytisins og undirrituð fyrir hönd ráðherra af þeim Elvari Hallgríms Hallgrímssyni og Ingva Má Péturssyni.

Þessir sömu starfsmenn ráðuneytisins rituðu með sama hætti undir bréf um staðfestingu á breytingum á samþykktum stefnda 7. júlí 2006.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þeirrar samræmdu reglugerðar sem hafi verið í gildi fyrir lífeyrissjóði í Sambandi almennra lífeyrissjóða á árinu 1982, er hún hóf töku örorku-

lífeyris. Af 12. gr. reglugerðarinnar leiði að lífeyrir skyldi ekki vera hærri en sem nam þeim launum er hún hafði er hún varð fyrir orkutapi. Aðrar tekjur, t.d. greiðslur almannatrygginga, hafi ekki haft áhrif á lífeyrisgreiðslurnar. Ein heimild hafi verið til að lækka lífeyri. Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. mátti lækka eða fella niður greiðslur ef viðkomandi endurheimtu starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti. Reglugerðinni hafi verið breytt nokkrum sínum, en þessum reglum hafi ekki verið breytt. Þannig hafi sama regla gilt er Lífeyrissjóðurinn Framsýn var stofnaður og samþykktir hans tóku gildi 1. júlí 2002.

Stefnandi segir að stefndi telji að með umræddum breytingum á samþykktum sjóðsins telji hann unnt að bæta við nýjum frádráttarliðum til að lækka lífeyrisgreiðslur. Greiðslur úr almannatryggingum séu nú dregnar frá lífeyri og ekki sé tekið tillit til iðgjaldagreiðslna stefnanda til sjóðsins. Sú breyting hafi nú verið gerð að í stað þess að lífeyrisþegar gætu treyst því að upphafleg ákvörðun um lífeyri miðuð við tekjur og örorkustig stæðist til frambúðar, skyldi nú afnema eða skerða lífeyrinn með hliðsjón af m.a. auknum greiðslum úr almannatryggingum. Þessi breyting sé afturvirk í þeim skilningi að hún breyti réttarstöðu stefnanda á þann hátt að réttindi þau sem hún hefur notið um aldarfjórðungsskeið eru verulega skert. Þessi aðferð leiði að lokum til þess að réttindi stefnanda til lífeyris frá stefnda falli niður.

Stefnandi segir að líta verði svo á að samningur hafi komist á milli sín og viðkomandi lífeyrissjóðs er hún hóf aðild að honum. Þrátt fyrir það hafi stefndi einhliða, og án samráðs eða rökstuðnings, tekið umrædda ákvörðun sem leitt hafi til skerðingar lífeyris. Bendir stefnandi jafnframt á að réttindi hennar hafi verið orðin virk er breytingin var ákveðin.

Stefnandi vísar til 15. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þar sé lýst lágmarksréttindum til örorkulífeyris.

Stefnandi segir að þegar lífeyrissjóður ákvarðaði réttindi stefnanda á sínum tíma hafi þau orðið að eignarréttindum og njóti því verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eftir þetta hafi hvorki sjóðurinn né löggjafinn fullt forræði á því hvernig réttindum er hagað. Þannig verði rétturinn ekki skertur einfaldlega með því að sjóðurinn telji að stefnandi hafi fengið of mikið greitt samkvæmt eldri viðmiðunum.

Stefnandi bendir á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem fjalli um friðhelgi eignarréttar eins og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Fjöldi dómafordæma styðji það að hin virku lífeyrisréttindi stefnanda séu eign í skilningi beggja ákvæðanna. Þá starfi stefndi samkvæmt lögum um lífeyrissjóði og skyldur og réttindi sjóðsins ráðist af lögum. Beita beri mannréttindaákvæðum stjórnarskrár og Mannréttinasáttmála Evrópu um réttarsamband stefnanda og stefnda. Breytingarnar á ákvæðum í samþykktum stefnda eigi sér ekki stoð í almennum lögum og brjóti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Stefnandi segir að samkvæmt íslenskum rétti sé gerður munur á lífeyrisréttindum sem eru óvirk og réttindum sem eru virk. Bendir hún á dóm Hæstaréttar í máli nr. 368/1997.

Stefnandi segir að það stoði ekki stefnda að bera fjárhagsvanda fyrir sig.

Stefnandi bendir á að skerðing réttinda sinna stafi ekki af aðstæðum sem hana varði, heldur sé hún vegna breyttra reglna sjóðsins. Réttindi hennar hafi verið orðin virk og því notið eignarréttarverndar. Ekki sé lagaheimild til að skerða réttindi hennar svo sem gert hafi verið. Skerðingarheimildir hafi ekki verið í samþykktum sjóðsins fyrir breytinguna 2006. Vísar stefnandi hér til 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttinasáttmála Evrópu. Jafnframt til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kjartans Ásmundssonar.

Stefnandi vísar til sjónarmiða um réttmætar væntingar og réttaröryggi. Hún hafi ekki getað séð fyrir að greiðslur til hennar yrðu skertar eftir svo langan tíma. Þvert á móti hafi hún öðlast réttmætar væntingar til að greiðslur til hennar yrðu með óbreyttu sniði. Þá sé aðlögunartími mjög stuttur.

Stefnandi telur að umrædd skerðing á lífeyri hennar sé brot gegn 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé ekki gerður neinn munur á þeim lífeyrisréttindum sem þar sé mælt fyrir um. Enginn flokkur lífeyrisþega hafi forgang til greiðslna úr sjóðunum. Réttindi sem sjóðfélagar afli sér með greiðslu iðgjalda sé af löggjafans hálfu liður í að uppfylla skilyrði 76. gr. stjórnarskrárinnar. Um skylduaðild sé að ræða.

Stefnandi telur sig hafa sætt ójafnræði og verið mismunað svo í bága fari við 65. gr. stjórnarskrárinnar. Því hlutverki almannatrygginga að aðstoða öryrkja sé skipt á milli Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða. Lögfest hafi verið ákvæði sem ætlað sé að tryggja öllum sem eins er ástatt um sambærilegan lágmarkslífeyri. Einungis hluti lífeyrissjóðanna hafi skert eða afnumið örorkulífeyri eins og stefndi hafi gert. Gæta verði að jafnræði gagnvart öðrum lífeyrissjóðum þegar litið sé til hlutverks stefnda og annarra lífeyrissjóða. Innan sjóðsins hafi heldur ekki verið gætt jafnræðis. Einn hópur sé tekinn út úr og virk lífeyrisréttindi hans skert.

Stefnandi segir að ekki hafi komið fram málefnaleg rök af hálfu stefnda fyrir umræddri ákvörðun.

Stefnandi bendir á að ekki hafi verið gerð grein fyrir markmiðinu með umræddri breytingu á samþykktum og þá hvaða aðrar leiðir hefðu verið færar til að ná því markmiði sem að væri stefnt. Breytingarnar leiði til þess að hún sé svipt nærri tveimur þriðju hlutum af örorkulífeyri sínum og rúmlega þriðjungu heildartekna sinna. Ekki sé ljóst hvernig hún geti, á svo skömmum tíma sem gefinn var, aðlagast tekju-skerðingunni eða aflað annarra tekna. Telur stefnandi þessar aðgerðir gegn sér í

andstöðu við meðalhófsreglu íslenskrar stjórnskipunar og leiði það til þess að taka beri kröfur hennar til greina.

Stefnandi segir að fjórtán lífeyrissjóðir hafi haft samflot um breytingu á samþykktum og hafi fjármálaráðuneytið að fengnum umsögnum Fjármálaeftirlitsins staðfest sambærilegar breytingar á samþykktum allra sjóðanna. Einn þessara sjóða sé Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. Formaður stjórnar þess sjóðs, Baldur Guðlaugsson, sé jafnframt ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Hann sé því yfirmaður þeirra starfsmanna ráðuneytisins sem staðfestu breytingar á samþykktum sjóðanna. Því hafi þeir verið vanhæfir til meðferðar málsins og sé staðfesting ráðuneytisins á breytingunum því ógild. Jafnframt bendir stefnandi á að málefnið hafi verið lagt fyrir ráðuneytið með villandi hætti sem hafi leitt til þess að umsögn Fjármálaeftirlitsins varð jákvæð. Þetta leiði einnig til þess að staðfestingin sé ógild.

Stefnandi kveðst reka mál þetta sem viðurkenningarmál samkvæmt heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Við aðalmeðferð málsins mótmælti stefnandi sem of seint fram komnum staðhæfingum stefnda um að greiðslur Tryggingastofnunar hefðu verið dregnar frá örorkulífeyri hjá þeim sem hefðu haft aðrar tekjur að auki.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi gerir nokkra grein fyrir því í greinargerð sinni að örorkulífeyrisþegum hjá lífeyrissjóðum hafi fjölgað á síðustu tveimur áratugum. Þessi fjölgun hafi leitt til þess að örorkulífeyrisskuldbindingar sjóðanna hafi hækkað sem hlutfall af heildarskuldbindingum sjóðanna. Hefur hann lagt fram gögn um þessa þróun í málinu. Fram hafi komið við sameiningu Lífeyrissjóðs sjómanna og Lífeyrissjóðsins Framsýnar á árinu 2005 að annað hvort yrði að skerða rétt til örorkulífeyris eða að hluti af byrðinni yrði lagður á Tryggingastofnun. Tryggingastærðfræðingar hafi einnig bent á þá hættu sem sjóðunum stafaði af þessari fjölgun örorkulífeyrisþega.

Stefndi segir að viðurkenningarkrafa stefnanda sé of víðtæk og að hún sé í andstöðu við lög. Hún sé hvorki takmörkuð við ákveðna fjárhæð né tímabil. Ef fallist yrði á kröfuna væri stefnda óheimilt í öllum tilvikum um alla framtíð að draga hinar tilgreindu greiðslur frá örorkulífeyrisgreiðslum til stefnanda, óháð því hvort það væri að hluta eða öllu leyti og hvort sem bæturnar væru hærri eða lægri en tekjutap stefnanda af völdum orkutaps síns. Slík niðurstaða væri í andstöðu við lög, einkum 1. og 6. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997.

Stefndi byggir á því að málefnaleg rök hafi staðið til breytinganna og að á þeim hafi verið almenningsþörf. Það séu málefnaleg rök að færa framkvæmdina til samræmis við orðalag 1. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997. Löggjafinn miði við að örorkulífeyrisþegar eigi rétt á greiðslum sem nemi tekjumissi vegna orkutaps. Því

hljóti það að vera lögmætt fyrir stefnda að miða við það einnig. Tekjuskerðingarhugtak laganna beri að skýra til samræmis við meginreglur íslensks skaðabótaréttar, sbr. t.d. 5. gr. laga nr. 50/1993.

Þá sé nauðsyn þess að sjóðurinn geti staðið við framtíðarskuldbindingar sínar málefnaleg rök fyrir því að falla frá ívilnandi framkvæmd sjóðanna tveggja er sameinuðust í stefnda. Vísar stefndi hér til skyldu sinnar samkvæmt 27. gr. áðurnefndra laga. Kveðst stefndi sérstaklega mótmæla því að einungis sé lögmætt að skerða greiðslur til sjóðfélaga ef sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þá mótmælir stefndi því að góð afkoma á undanförunum árum leiði til þess að ómálefnalegt sé að breyta fyrirkomulagi á greiðslum til örorkulífeyrisþega.

Stefndi tekur sérstaklega fram að breytingin eða leiðréttingin á framkvæmd gildi til frambúðar. Hún beinist að öllum þeim sem síðar kunni að öðlast rétt til örorkulífeyris.

Stefndi vekur athygli á gr. 10.2 í samþykktum Framsýnar og gr. 10.6 í samþykktum sínum. Sér sé skylt að leggja megináherslu á ellilífeyristryggingar.

Stefndi heldur því fram að jöfnunarframlag ríkisins til lífeyrissjóða, þeirra á meðal stefnda, tengist skylduaðild að sjóðunum. Tilgangur ríkisins með því að leggja fram fé sé að tryggja að félagar í lífeyrissjóðum, sem greiða hlutfallslega mörgum örorkulífeyri, geti vænst sambærilegs ellilífeyris og félagar í öðrum sjóðum þar sem færri njóta örorkulífeyris. Framlaginu sé ekki ætlað að standa undir aukningu örorkulífeyrisgreiðslna.

Stefndi telur skerðinguna byggja á skýrri lagaheimild í 1. og 6. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Tekur hann fram að hann telji skerðinguna hafa verið heimila án breytinga á samþykktunum þar sem hún sé í samræmi við áðurnefnt ákvæði og reglur í samþykktum þeirra sjóða er stefnandi hefur verið félagi í og þegið örorkulífeyri frá. Breytingin sé aðeins nánari útfærsla á meginreglu laganna um að bætt skuli tekjuskerðing.

Stefndi segir að löggjafinn hafi framselt honum vald til að breyta samþykktum sínum um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris. Breytingin hafi hlotið staðfestingu að fenginni umsögn. Öll skilyrði hafi verið uppfyllt. Telur stefndi að með 6. mgr. 15. gr. laganna hafi ákvörðunarvald verið framselt til sín. Það eitt og sér leiði til sýknu.

Stefndi mótmælir því að ákvæði um lágmarksvernd í 4. gr. laga nr. 129/1997 hafi verið brotin.

Stefndi telur sig hafa gætt meðalhófs við breytingu á samþykktum og skerðingu greiðslna til stefnanda. Breytingin á samþykktunum hafi verið byggð á hlutlægu áliti sérfræðinga. Ákveðið hafi verið að leggja til breytingar á samþykktunum, þótt það hafi ekki verið nauðsynlegt til að breyta framkvæmdinni.

Breytingin hafi verið samþykkt einróma á ársfundi og 16 mánaða aðlögunarfrestur hafi verið gefinn. Stefndi mótmælir því að breytingin hafi verið ákveðin einhliða, án rökstuðnings og með ómálefnalegum rökum. Ársfundurinn hafi verið auglýstur í fjölmiðlum og tillögur hafi legið frammi á skrifstofu stefnda í tvær vikur fyrir fundinn. Tillögurnar hafi verið sendar aðildarfélögum og Samtökum atvinnulífsins sex vikum fyrir fundinn, sbr. 22. gr. samþykktu sjóðsins. Stefnandi hafi átt þess kost að láta málið til sín taka á fundinum 26. apríl, en ekki gert það.

Stefndi mótmælir því að hann hafi lagt breytingarnar fyrir ráðuneytið og fjármálaeftirlitið með villandi hætti. Bréfið til ráðuneytisins hafi verið samið af tryggingastærðfræðingi sem sé sjálfstætt starfandi og hafi opinbert leyfi. Skyld sé að láta tryggingastærðfræðing hafa eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðs. Hann semji sitt bréf á eigin ábyrgð og stefndi kveðst aðeins hafa vitnað í bréf hans er hann sendi breytingarnar á samþykktunum til ráðuneytisins. Þá hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert neina athugasemd við mat tryggingastærðfræðingsins.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu að ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins hafi verið vanhæfur til að fjalla um málið. Jafnvel þó annmarki hafi verið á málsmeðferð sé hann óverulegur og geti ekki valdið ógildi staðfestingar samþykktanna. Þá hafi sérfræðimatið á breytingunum verið í höndum annars stjórnvalds. Loks vísar stefndi til þeirra sjónarmiða er ráðuneytið hafði uppi í bréfum sínum til lögmanns stefnanda.

Við endurupptöku málsins benti stefndi jafnframt á að Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri hefði ekki komið neitt nálægt afgreiðslu málsins í ráðuneytinu. Þá hefði staðfestingin verið gerð fyrir hönd ráðherra, en ráðherra sé ekki vanhæfur í þessu máli. Þá sé þessi staðfesting ekki sjórvaldsathöfn í skilningi stjórnsýslulaga og því gildi ákvæði laganna um sérstakt hæfi ekki um meðferð þessa málefnis.

Stefndi mótmælir því að breytingar á reglum um örorkulífeyri þurfi að byggja á mati á högum og aðstæðum hvers sjóðfélaga. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda komi fram á tæmandi hátt þær reglur er gildi um breytingar á samþykktum um örorkulífeyri. Þá segir stefndi að áhrif skerðingarinnar á fjárhag stefnanda séu óljós. Þá geti skerðing ekki verið óhófleg þegar hún sé í samræmi við lög.

Stefndi kveðst telja að einungis þær væntingar stefnanda að fá greiðslu í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma geti verið réttmæta. Hún geti aðeins vænst þess að fá tekjumissi bættan. Þá sækji hún rétt sinn í sameignarsjóð. Réttindi geti tekið breytingum í samræmi við hagsmuni annarra sjóðfélaga og fjáthagsstyrk sjóðsins.

Stefndi segir að frá öndverðu hafi verið heimilt að breyta samþykktum sjóðanna. Stefnandi hafi ekki getað vænst þess að réttur til örorkulífeyris héldist óbreyttur um alla tíð. Þó að lífeyrisréttindi njóti eignarréttarverndar veiti greiðslur í

samtryggingarsjóð ekki rétt til tiltekinnar bótaupphæðar. Dómaframkvæmd sé ótvíræð um þetta og vísar stefndi bæði til hæstaréttardóma og dóma Mannréttinda-dómstólsins. Tekur hann sérstaklega fram að dómur í máli Kjartans Ásmundssonar hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli hvað varðar mat á réttmætum væntingum og meðalhóf.

Stefndi mótmælir því að skerðing réttinda stefnanda sé afturvirk. Skilningur stefnanda á hugtakinu sé ekki í samræmi við hefðbundinn skining í íslenskum rétti.

Stefndi kveðst hafa gætt jafnræðis milli sjóðfélaga í sambærilegri stöðu. Segir hann breytinguna vera almenna og hafa áhrif á kjör 775 örorkulífeyrisþega af 3307. Hún hafi neikvæð áhrif á stöðu 698 lífeyrisþega. Skerðingin sé misjöfn en allir lúti sömu útreikningsreglum. Þá mótmælir stefndi því að hann eigi að gæta jafnræðis við örorkulífeyrisþega utan sjóðsins. Hann hafi aðeins forræði yfir málefnum eigin sjóðfélaga. Þá sé ekki hægt að bera saman stöðu örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega. Því geti sambærilegar reglur ekki gilt um þá.

Stefndi segir að dómaframkvæmd sé ótvíræð um að almennar skerðingar greiðslna, í þeim tilgangi að sjóður geti staðið við skuldbindingar sínar, feli ekki í sér brot gegn jafnræðisreglu. Þá mótmælir stefndi því að hann hafi brotið gegn 76. gr. stjórnarskrárinnar. Löggjafinn hafi talið hagsmuni öryrkja nægilega tryggða með því að þeim væri einungis bætt tekuskerðing. Aðgerðir sínar séu í samægri við það.

Auk þeirra lagaákvæða er áður getur vísar stefndi til laga nr. 87/2998 og laga nr. 100/2007.

Forsendur og niðurstaða

Stefndi starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt 15. gr. laganna skulu sjóðfélagar eiga rétt á örorkulífeyri. Ekki er í lögnum að finna nákvæmar reglur um lífeyrinn. Í 1. mgr. kemur þó fram að á meðal skilyrða þess að félagar eigi rétt á lífeyrinum er að þeir hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Nánari reglur er að finna í samþykktum hvers sjóðs, þ.á m. í samþykktum stefnda.

Lög nr. 129/1997 leystu af hólmi ákvæði laga nr. 55/1980. Ekki var í þeim lögum mælt fyrir um tiltekna örorkutryggingarvernd sjóðfélaga í lífeyrissjóðum.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 129/1997 er örorkulífeyrir ekki skilyrðislaust lífeyrir tiltekinnar fjárhæðar. Honum er ætlað að bæta tekjuskerðingu. Í þessu felst munur á örorkulífeyri og ellilífeyri, sem vissulega er ætlað að bæta mönnum tekjumissi er þeir hætta störfum, en ekki er sett skilyrði um lækkan tekna fyrir því að ellilífeyrir verði greiddur. Ellilífeyrir skal greiddur hvernig sem tekjur lífeyrisþegans hafa þróast, en ekki er heimilað í 14. gr. laganna að lækka hann vegna annarra tekna.

Er stefnandi hóf töku örorkulífeyris var hún, eins og áður segir, félagi í Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar. Þá var svo fyrir mælt í niðurlagsákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar sjóðsins að örorkulífeyrir skyldi ekki vera hærri en sem næmi tekjumissi sjóðfélagans. Ekki var í ákvæði þessu tekið sérstaklega fram að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skyldi draga frá, en heldur ekki sagt að þær skyldi ekki draga frá. Af reifun aðila á málinu virðist mega ganga út frá því að ekki hafi verið gerðar neinar þær breytingar á reglum um örorkulífeyri sem máli skipti fyrir ágreiningsefni þessa máls fyrir en margnefnd breyting var samþykkt á ársfundi stefnda í apríl 2006.

Þegar ákvæði 12. gr. nefndrar reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Framsóknar og 12. gr. samþykktu stefnda frá 2005 eru skoðuð blasir við að eftir orðanna hljóðan skulu allar tekjur, þ.á m. greiðslur frá Tryggingastofnun, dragast frá örorkulífeyrisgreiðslum sjóðanna. Stefndi segir raunar að greiðslurnar hafi verið dregnar frá lífeyri allra nema þeirra sem ekki höfðu neinar aðrar tekjur. Var það staðfest í skýrslu Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings fyrir dómi. Stefnandi hefur ekki haft aðrar tekjur frá því að hún missti heilsuna. Þessi framkvæmd virðist á sínum tíma ekki hafa verið í samræmi við settar reglur og hún fól í sér ákveðna mismunun gagnvart þeim sem höfðu aðrar tekjur. Ekki var mælt svo fyrir í samþykktum stefnda eða fyrirrennara hans að ákveðin fjárhæð kæmi ekki til lækkunar örorkulífeyris. M.ö.o. ekki var ákveðið neitt frítekjumark í þessu sambandi.

Þannig virðist um árabíl hafa verið greiddur til nokkurs hluta sjóðfélaga stefnda örorkulífeyrir nokkru hærri en mælt var fyrir um í samþykktum. Þó telja meggi að í þessu hafi falist nokkur mismunun var unnt að leggja af þá mismunun með annars konar breytingum en þeim sem gripið var til. Stjórn stefnda taldi nauðsynlegt að breyta samþykktum sjóðsins til að leggja af þá framkvæmd sem tíðkuð hafði verið. Dómurinn telur einnig að þetta hafi verið nauðsynlegt.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 3. gr. laga nr. 84/1998, skal tilkynna fjármálaráðherra allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs. Öðlast breytingar ekki gildi fyrir en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu sjóðsins. Það verkefni ráðherra samkvæmt lögum þessum að staðfesta samþykktir lífeyrissjóða og breytingar á þeim verður að telja vera stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1995, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar samkvæmt lögum nr. 155/1997. Fjármálaráðherra skipar sjö manna stjórn sjóðsins, sbr. 3. gr., sem fer með yfirstjórn hans, sbr. 4. gr. Lög nr. 155/1997 vísa ekki til laga nr. 129/1997, en vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. þeirra laga gilda þau um Söfnunarsjóðinn að svo miklu leyti sem ekki eru lögfest sérákvæði um hann. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 155/1997 skulu samþykktir

Söfnunarsjóðsins samdar af stjórn hans og staðfestar af ráðherra. Sömu reglur hljóta að gilda um breytingar á samþykktunum.

Að framan eru raktar þær breytingar á samþykktum stefnda sem deilt er um í málinu og breytingar sem gerðar voru á samþykktum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á svipuðum tíma. Breytingar þessar á samþykktum beggja sjóðanna voru staðfestar af fjármálaráðuneytinu. Rituðu tveir starfsmenn ráðuneytisins undir staðfestingarbréfið. Breytingar á 11. gr. samþykktu Söfnunarsjóðsins eru keimlíkar breytingum þeim á 12. gr. samþykktu stefnda sem hér er um deilt. Ekki er upplýst í málinu hver framkvæmdin var áður hjá Söfnunarsjóðnum varðandi frádrátt frá örorkulífeyri, en breytingin bendir til þess að framkvæmdin hafi verið svipuð þeirri er var hjá stefnda.

Ráðuneytissjórinn í fjármálaráðuneytinu stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969 með síðari breytingum. Þeir starfsmann sem staðfestu í umboði ráðherra margnefnda breytingu á samþykktum stefnda eru því undirmenn hans. Vegna stöðu sinnar sem formaður stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda var Baldur Guðlaugsson vanhæfur til að fjalla um efnislega sambærilegar breytingar og gerðar voru á samþykktum Söfnunarsjóðsins hjá öðrum lífeyrissjóðum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 37/1995. Á sama hátt voru allir undirmenn hans í ráðuneytinu vanhæfir til meðferðar málsins, sbr. 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Ekki verður fallist á að verkefni þetta hafi varðað smávægilega hagsmuni eða að þáttur ráðuneytissjórans í því hafi verið lítilfjörlegur, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Þá skiptir ekki máli hér þó staðfestingin hafi verið gerð fyrir hönd ráðherra. Staðfesting ráðuneytisins á umræddum breytingum á samþykktum stefnda var því ógild.

Stefndi hefur mótmælt því að dómur verði kveðinn með þeirri niðurstöðu er í kröfu stefnanda greinir. Segir hann að slíkur dómur yrði of víðtækur þar sem hann myndi binda hendur stefnda um ókomna tíð og koma í veg fyrir breytingar á samþykktum sjóðsins. Á þetta er ekki unnt að fallast. Dómur sem viðurkennir réttindi, jákvæð eða neikvæð, miðast við atburði sem gerst hafa. Hann tekur ekki til þeirra atburða er síðar munu gerast og þeirra breytinga er síðar kunna að taka gildi á samþykktum stefnda eða lagareglum. Verður því í dómsorði mælt svo fyrir að óheimilt sé að draga örorkulífeyri og tekjutryggingu er stefnanda er Tryggingastofnun ríkisins greiðir stefnanda, frá örorkulífeyri hennar hjá stefnda.

Í samræmi við þessa niðurstöðu verður stefnda gert að greiða 700.000 krónur í málskostnað til stefnanda. Er þar tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómararnir Jón Finnbjörnsson, Allan Vagn Magnússon og Hervör Þorvaldsdóttir.

D ó m s o r ð

Stefnda, Lífeyrissjóðnum Gildi, er óheimilt að draga frá örorkulífeyri stefnanda, Margrétar Ingibjargar Marelsdóttur, þann örorkulífeyri og tekjutryggingu er hún fær frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefndi greiði stefnanda 700.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson
Allan Vagn Magnússon
Hervör Þorvaldsdóttir

Vottur:
Erna Kristín Blöndal

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur, 4. júlí 2008
Gjald kr. 1800
Greitt:

